

Athugasemd vegna tillagna Vesturbyggðar um sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta 2019/2020

Mótmælt er tillögum Vesturbyggðar hvað afnáms löndunarskyldu í byggðarlaginu hvað báta frá Brjánslæk varðar. Minnt skal á að engin bátur frá byggðarlaginu sem kallað er Brjánslækur sótti um byggðakvótann þar á síðasta fiskveiðiári þar sem vinnsluskylda var þá í Odda á Patreksfirði eins og nú, eingöngu er um smábáta að ræða á Brjánslæk og það er einfaldlega ekki ásættanlegt né heldur svarar það kostnaði að þurfa flytja fisk um langan veg til vinnslu á Patreksfirði á eigin kostnað.

Til að tryggja hagsmuni byggðarlagsins Brjánslækjar í Vesturbyggð þar sem þar er ekki starfandi fiskvinnsla, er þess krafist að afla til byggðakvóta sé landað í þar, en til að svo megi vera þá verður að undanþiggja vinnsluskyldu báta sem þar eru gerðir út. Mikil hætta er á að heimabátar þar sæki ekki um þennan byggðakvóta ef vinnsluskylda er á honum og mun byggðakvótinn því falla niður.

Í raun er oft á tíðum hagstæðara að leigja til báta tvö tonn og selja aflann á fiskmarkaði en að fá afhent eitt tonn úr byggðakvóta og leigja síðan annað til sín á móti og selja síðan þessi tvö tonn á verlagsstofuverði. Smábátar sem gerðir eru út án tengsla við fiskvinnslu eru mikilvægir fyrir þetta byggðalag og eru því ótvíræðir hagsmunir þessa byggðarlags að vinnsluskylda þessara báta verði afnumin og aflanum landað þar.

14.02.2020

f.h. Áratogs ehf

Bjarni Kristjánsson